

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 2005-2018, Akureyrarflugvöllur.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 22. desember 2010 staðfest breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 2005-2018 frá 15. desember 2006.

Breytingin felst í eftirfarandi:

1. Mörk flugvallarsvæðisins eru færð út og miðast nú við aðliggjandi stofnbrautir í vestri og norðri, sveitarfélagsmörk í suðri og vesturkvísl Eyjafjarðarar milli flugvallar og Stórhólma í austri.
2. Landfylling norðan flugstöðvar stækkar til norðurs um 0,24 ha.
3. Landfylling undir aðflugsvita er gerð sunnan Leiruveggar, 0,11 ha að stærð.
4. Göngu- og reiðleið sunnan flugvallar er lagfærð til samræmis við núverandi stöðu og deiliskipulag.
5. Færsla á legu Brunnár, þ.e. farvegur Brunnár suður fyrir flugbraut er nú sýndur sem hluti grunnkorts.
6. Syðri veltenging flugvallarsvæðis við Eyjafjarðarbraut er færð um 70 m til suðurs til samræmis við deiliskipulag.
7. Þéttbýlismörk eru aðlöguð breyttri afmörkun flugvallarsvæðis.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun gert tillögu til ráðherra um staðfestingu.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 22. desember 2010.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

*Íris Bjargmundsdóttir.*